

Nýsköpun á Suðurnesjum

Október 2017

Úttekt á umhverfi nýsköpunar og sprotafyrirtækja á Suðurnesjum

Skýrsla unnin af Hallgrími Oddsyni og Kristni Árna L. Hróbjartssyni fyrir Hekluna.

Efnisyfirlit

I.	Formáli	2
II.	Helstu niðurstöður	3
III.	Inngangur.....	4
IV.	Vinnuferlið.....	5
V.	Fjármögnun.....	5
VI.	Bakland	10
VII.	Frumkvöðlar	11
VIII.	Ytri aðstæður	12
IX.	Samantekt og aðgerðir	14

Formáli

Þessi skýrsla er unnin af Hallgrími Oddssyni og Kristni Árna L. Hróbjartssyni, starfsmönnum Northstack, að beiðni Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja. Markmið skýrslunnar er að greina stöðu nýsköpunar á svæðinu.

Í úttekt þessari er leitast við að varpa sem skýrustu ljósi á umhverfi og stöðu nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á Suðurnesjum. Við vinnslu skýrslunnar var bæði notast við gögn sem Northstack hefur aflað sér og viðtöl við aðila sem með einum eða öðrum hætti tengjast nýsköpun á svæðinu, ýmist sem stofnendur fyrirtækja, fjármögnunaraðilar eða bakhjarlar.

Helstu niðurstöður

Nýsköpun er tíðrætt umfjöllunarefni sem leið að auknum fjölbreytileika í atvinnulífi. Ein uppspretta nýsköpunar eru sprotafyrirtæki - *startups* - þar sem frumkvöðlar stofna fyrirtæki utan um nýja hugmynd að þjónustu eða vöru og vinna að því að koma henni á markað. Umhverfi sprotafyrirtækja á Íslandi hefur vaxið á síðustu árum og umsvif sprotasenuunnar aukist. Aftur á móti bendir greining Northstack til þess að almennur áhugi fólks á að stofna sprotafyrirtæki hafi dvínað, en mikill samdráttur hefur verið í þátttöku í sprotasamkeppnum og stuðningsverkefnum frá 2014, bæði á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Það rímar við upplifun viðmælenda Northstack og gagna frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja sem benda til minnkandi áhuga.

Fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi er á fyrstu stigum að miklu leiti frá ríkinu, í gegnum styrki og móttframlög. Sprotafyrirtæki á Suðurnesjum hafa aðgang að svæðisbundnum fjármögnunarleiðum ætluðum uppbyggingu á svæðinu, í gegnum Uppbyggingarsjóð Suðurnesja og Eignarhaldsfélag Suðurnesja, sem stutt hafa við sprota á svæðinu. En fjöldi umsókna frá fyrirtækjum á svæðinu í landlæga sjóði og stuðningsverkefni eru undir fjólfjórðungshlutfalli. Þannig eru 3 prósent umsókna í Tækniþróunarsjóð síðustu 3 ár frá Suðurnesjum, en á svæðinu búa 7,6 prósent landsmanna. Sömu sögu má segja um skattaendurgreiðslu vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Fyrir utan opinbera stuðningsumhverfið eru starfræktir nokkrir sérhæfðir fjárfestingarsjóðir (e. *Venture capital*) á Íslandi sem fjárfesta sérstaklega í nýsköpun og sprotafyrirtækjum og með tilkomu þeirra fyrir þremur árum varð mikill vöxtur í fjölda sprotafjárfestinga. Enginn þeirra hefur fjárfest á Suðurnesjum á þeim tíma.

Menntaumhverfi skiptir máli fyrir nýsköpunarstarf, og greining Northstack bendir til að svo sé líka á Suðurnesjum. Keilir er ein helsta menntastofnunin á svæðinu og tenging við atvinnulífið skýr, þar sem t.d. tvö fyrirtæki, GeoSilica og Mekanó, eiga rætur að rekja beint í nám við skólann. Fyrir á árinu bárust fregnir þess efnis að fyrirhuguð tölvuleikjabraut fengist ekki samþykkt hjá Menntamálaráðuneytinu sem eru mikill missir fyrir umhverfið því líklegt er að gróska hefði orðið til í kringum námið.

Á Suðurnesjum starfar atvinnuþróunarfélagið Heklan sem m.a. veitir frumkvöðlum ráðgjöf og aðstoð. Frumkvöðlasetrið Eldey var starfrækt á svæðinu í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, en eftir sölu á húsnæðinu er aðeins eitt sprotafyrirtæki eftir á skrifstofunum.

Viðtöl við frumkvöðla á svæðinu benda til að ástæður þess að reksturinn er á Suðurnesjum en ekki annars staðar séu m.a. svæðisbundinn stuðningur í formi fjármögnunar og ráðgjafar. Þá hafa bein afskipti sveitarstjórna á svæðunum fengið fyrirtæki til að opna starfsemi þar, og námið við Keili orðið til þess að fyrirtæki hafi orðið til.

Inngangur


Tilgangur þessarar skýrslu er að varpa ljósi á stöðu nýsköpunar á Suðurnesjum. Tilurð skýrslunnar má rekja til beiðni Heklungar um úttekt á stöðu nýsköpunar á Suðurnesjum. Okkur hjá Northstack þótti verkefnið strax spennandi, enda er nýsköpun okkar sérsvið. En áður en lengra var haldið var þörf á að skilgreina *nýsköpun* og hvað í henni felst. Orðið er nefnilega, þrátt fyrir að hljóma lýsandi í fyrstu, víðtækt og víðfeðmt í almennri umræðu. Flestir eru sammála um mikilvægi nýsköpunar, en slíkar áherslur geta virst innantómar ef ekki fylgja ítarlegri skorður á því um hvað er rætt hverju sinni.

Nýsköpun má finna í öllum geirum samfélagsins. Mörg af stærstu fyrirtækjum Íslands eru byggð á hugviti og nýsköpun, og nýsköpunarstarf heldur áfram að vera stór hluti af rekstri og framtíð fyrirtækjanna. Í öðrum, rótgrónni geirum hefur nýsköpun gegnt hlutverki sem nauðsynleg viðbót og orðið sífellt mikilvægari í rekstri og framtíðarsýn. Auðlindagarðurinn á Suðurnesjum er gott dæmi um þessa þróun. Til viðbótar við innviðarekstur félaga sem heyra undir Auðlindagarðinn er lítið til nýrra tækifæra og hugmynda, hvernig skapa megi verðmæti og störf til viðbótar við það sem fyrir er. Fjármagn og starfskraftur eru sótt í styrkari stöðir innan samsteypunnar og áhætta tekin með framtíðarmöguleika.

Frá stofnun Northstack árið 2015 hefur verið lögð áhersla á það sem stundum er nefnt *sprotar* eða *startups*. Ný fyrirtæki sem byggja á hugviti, oft í beinum tengslum við nærliggjandi aðföng, menntun og nærumhverfi. Margvíslegar hugmyndir, hvort sem er nýjar vörur, þjónusta eða lausnir, vakna hjá einstaklingum heima í stofu, í vinnunni eða í námi. Til að þær verði að veruleika, verði arðbærar og skapi störf þarf margt að ganga upp. Ráðgjöf, aðstaða og fjármagn er meðal þess sem frumkvöðlar þurfa til að hefja rekstur og gera hann arðbæran.

Í anda Northstack eru það slík sprotafyrirtæki og umhverfi þeirra á Suðurnesjum sem eru til skoðunar í þessari úttekt. Umhverfi nýsköpunar er hægt að greina frá mörgum hliðum og er í þessari skýrslu rýnt í umhverfið frá fjórum mismunandi hliðum:

- Fjármögnun
- Bakland og nærumhverfi
- Sprotafyrirtæki á Suðurnesjum
- Ytri aðstæður efnahagslífsins



Vinnuferlið

Til að greina nýsköpunarumhverfi Suðurnesja var notast við gagnasafn Northstack, gögn frá Hagstofunni, Tækniþróunarsjóði og úr fleiri áttum, m.a. ársreikninga og yfirlit yfir styrkjaúthlutanir. Þá var einnig stuðst við viðtöl við einstaklinga sem tengjast með beinum hætti nýsköpunarumhverfinu. Viðmælendur voru:

- Björk Guðjónsdóttir, verkefnastjóri Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja og Heklungar
- Fida Abu Libdeh, stofnandi GeoSilica
- Friðjón Einarsson, formaður Eignarhaldsfélags Suðurnesja
- Dr. Guðrún Marteinsdóttir, stofnandi Taramar
- Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis

Fjármögnun

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja og Eignarhaldsfélag Suðurnesja eru þeir tveir svæðisbundnu aðilar sem sprotafyrirtæki geta helst sótt til í leit að fjármagni. Í samtölum okkar við frumkvöðla kom ítrekað fram að það fjármagn sem hefur fengist í verkefni frá þessum aðilum hefur skipt sköpum og að án þess fjármagns væru fyrirtækin ólíklega starfandi í dag. Mikilvægi fjármagnsins felst m.a. í því að:

- Þótt styrkupp hæðir Uppbyggingarsjóðsins séu ekki endilega verulegar (500 þúsund – 4 milljónir króna) þá skipta styrkirnir verulegu máli og hafa virkað sem fjárhagslegur grundvöllur fyrir áframhaldandi rekstri.
- Fjárfesting Eignarhaldsfélagsins í eignarhlut er síðan hærri (5 milljónir - 30 milljónir króna) og skiptir sköpum.
- Styrkur úr sjóðinum og fjárfesting Eignarhaldsfélagsins virka sem gæðastimpill á verkefnið og eykur líkur á frekari fjármögnun úr öðrum áttum.
- Styrkjunum fylgir ákveðið aðhald auk ráðgjafar og aðstoðar m.a. í samskiptum við bankastofnanir.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Frá 2015 hefur Uppbyggingarsjóður Suðurnesja styrkt 28-35 verkefni ár hvert, en fyrir þann tíma var landshlutatengdum styrkjum til þróunar- og nýsköpunarverkefna úthlutað í gegnum svokallaða Vaxtarsamninga. Uppbyggingarsjóðurinn var settur á laggirnar í tengslum við Sóknaráætlun landshluta og styrkjum er úthlutað til menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefna á Suðurnesjum.

Gerðar eru kröfur um að mögulegur vöxtur verkefnanna sé á Suðurnesjum, en að öðru leyti eru ekki gerðar kröfur um frekari svæðistengingu, svo sem að umsækjandi eigi lögheimili á svæðinu. Það er okkar mat að þessi stefna sjóðsins sé jákvæð, ekki síst í ljósi nálægðar við höfuðborgarsvæðið, og geti laðað að spennandi verkefni á svæðið frá frumkvöðlum á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar frá.

Þá er gerð krafa um 50% mótframlag á móti styrkjum sjóðsins og verða umsækjendur að geta sýnt fram á fleiri fjárhagslega bakhjarla en uppbyggingarsjóð. Styrkir úr sjóðinum hafa því komið á eftir Tækniþróunarsjóði eða öðrum styrkjum.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja	2017	2016	2015
Fjöldi umsókna	55	63	99
Heildarfjárhæð umsókna	112m	127m	220m
Úthlutaðir styrkir	28	35	35
Þar af nýsköpun og atvinnuþróun	12	10	11
Styrkjaupphæð alls	43,6m	45,2m	43,75m
Þar af nýsköpun og atvinnuþróun	20,1m	20,9m	18,9m

Heimild: Heimasíða Uppbyggingarsjóðsins, upplýsingar frá Heklunni


Alls námu styrkir í fyrra 43,6 milljónum króna, en þar af fór 20,1 milljón í verkefni sem tengjast nýsköpun og atvinnuþróun. Meðal úthlutanna 2017 eru þrír styrkir til GeoSilica að upphæð samtals 3,3 milljónir króna og 4 milljóna króna styrkur til Tamarar fyrir markaðssókn á erlenda markaði. Þá hafa verkefni sem hófust innan tæknifræðináms Keilis fengið styrki, meðal annars gæðaeftirlitskerfið FlutningsVaki (2 milljónir) og fyrirtækið Mekano sem þróar einingafjöltengi (5,5 milljónir króna samtals frá 2015-2017).

Þegar rýnt er í úthlutanir sjóðsins á síðustu árum má sjá fleiri eftirtektarverð verkefni á sviði nýsköpunar- og atvinnuþróunar, og eiga mörg verkefni það sameiginlegt að vera í startholunum eða vera ungir sprotar. Því má telja víst að upphæðirnar, sem eru á bilinu 400 þúsund til 4 milljónir, skapi mikilvægan grundvöll fyrir frumkvöðla til að gera hugmyndir sínar að veruleika.

Þróun og framtíðarhorfur

Úthlutun fyrir árið 2018 var auglýst í október 2017 og samkvæmt upplýsingum frá Björk Guðjónsdóttur, verkefnastjóra sjóðsins, verða heildarstyrkir 50 milljónir króna.

Athygli vekur að fjöldi umsókna (og heildarfjárhæð þeirra) hefur dregist verulega saman á síðustu árum, eða frá því að vera 99 umsóknir árið 2015 í 55 árið 2017. Þetta telst áhyggjuefni enda minnka bersýnilega líkur á spennandi verkefnum ef umsóknum fækkar. Líklegasta skýringin á þessari þróun er lágt atvinnuleysi á svæðinu, en nánar er rætt um efnahagsleg skilyrði nýsköpunar í sérstökum kafla þessarar skýrslu.



Ef rýnt er í aðra styrkja- og bakhjarlamöguleika frumkvöðla til samanburðar má greina svipaða þróun. Þannig hefur umsóknum í Gulleggið, frumkvöðlakeppni á vegum Icelandic Startups, fækkað verulega á undanförunum árum. Umsóknir voru 82 í ár samanborið við 123 þar áður og 377 árið 2014. Umsóknum í Startup Energy Reykjavík, viðskiptahraðli sem settur var á laggirnar árið 2014, hefur einnig fækkað og sömu sögu má segja af Startup Reykjavík.

Stjórn Uppbyggingarsjóðsins og verkefnastjóri eru meðvituð um þróunina, og gerði stjórnarformaður sjóðsins hana meðal annars að umtalsefni í ræðu sinni við úthlutun styrkjanna í fyrra. Erfitt getur reynst fyrir Uppbyggingarsjóð Suðurnesja, rétt eins og aðra, að bregðast við þessu. Til stendur að auglýsa styrkina í ár með meira afgerandi hætti en á síðustu árum, í því skyni að gera þá sýnilegri og auka áhugann. Auglýst er í samstarfi við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og meðal annars notast við Facebook.

Eignarhaldsfélag Suðurnesja

Fjármögnunarstefna Eignarhaldsfélags Suðurnesja hefur tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum, en í um 30 ára sögu Eignarhaldsfélagsins hefur félagið bæði fjármagnað verkefni með kaupum á hlutafé og lánveitingum.

Staða Eignarhaldsfélagsins er góð. Félagið er að tæplega helmingshlut í eigu ríkissjóðs en auk þess eru Bygðastofnun, sveitarfélög á svæðinu og Festa lífeyrissjóður eigendur félagsins. Eignir félagsins í árslok 2016 námu 545 milljónum króna og skuldir þess eru minniháttar, eða um 650 þúsund krónur. Eignir félagsins eru að stærstu leyti fjárfestingar í fyrirtækjum á Suðurnesjum, metnar í árslok á 136 milljónir króna, og markaðsverðbréf að fjárhæð 310 milljónir króna. Langtímalán til fyrirtækja nema um 42 milljónum.

Góða stöðu félagsins má rekja til sölu á hlutafé í Bláa lóninu. Stefna félagsins í dag er sú að viðhalda sterkri stöðu með ákveðinni áhættudreifingu, þar sem fjárfest er í áhættuminni markaðssjóðum samhliða fjárfestingum í sprotafyrirtækjum og vaxandi fyrirtækjum á Suðurnesjum. Þannig er von stjórnenda sú að ávöxtun markaðssjóða vinni gegn mögulegu tapi af áhættumeiri fjárfestingu í sprotafyrirtækjum.

Dregið hefur verið úr lánveitingum til fyrirtækja en þess í stað er fjármagn lagt til með kaupum á hlutafé. Á móti er eigendum fyrirtækja sem fjárfest er í veittur endurkaupréttur á hlutafénu með fyrirfram ákveðnum vöxtum. Þannig vill Eignarhaldsfélagið fá ávöxtun á sína fjárfestingu en stofnendur geta þá einnig notið góðs af góðu gengi fyrirtækis síns. Endurkaup stofnenda ætti að vera þeim hagstæð ef virði félagsins hefur aukist. Fyrirkomulagið er því jákvætt fyrir þá en setur á sama tíma hámarksþak á ávöxtun Eignarhaldsfélagsins.

Opinberir samkeppnissjóðir og verkefni

Hið opinbera starfrækir ýmsa sjóði og verkefni til að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun hjá fyrirtækjum og stofnunum. Ein leið til að varpa ljósi á það hvernig Suðurnes standa hvað nýsköpunarmál varðar er að skoða hvernig landshlutinn kemur út í samanburði við landið í heild þegar kemur að þátttöku og nýtingu á þessum sjóðum. Helstu verkefni eru Tækniþróunarsjóður sem styrkir verkefni beint, og skattaendurgreiðslur vegna R&D sem endurgreiða fyrirtækjum hluta fjárfestinga sinna í nýsköpunarverkefnum. Rannís sér um bæði verkefni.

Tölurnar eru með þeim fyrirvara að skráning á landshluta byggir á staðsetningu höfuðstöðva fyrirtækja eða stofnana. Ef fyrirtækið er með höfuðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, en útibú á Suðurnesjum þar sem verkið er unnið, þá skráist umsóknin á Reykjavík.

Tækniþróunarsjóður

Tækniþróunarsjóður Rannís er án efa einn stærsti fjárhagslegi bakhjarl nýsköpunarstarfs á Íslandi. Árlega veitir sjóðurinn styrki frá 1,5 upp í 70 milljónir króna til afmarkaðra nýsköpunarverkefna, hvort sem er hjá nýstofnuðum sprotum eða lengra komnum fyrirtækjum. Síðan 2016 hefur sjóðurinn veitt árlega um 2,4 milljarða króna í nýsköpunarverkefni og sjóðurinn hefur stutt við mörg helstu nýsköpunarfyrirtæki landsins.

Á Suðurnesjum hafa þónokkur félög fengið stuðning frá sjóðnum til nýsköpunarverkefna. Til að varpa upp mynd tókum við saman heildarstyrki frá TÞS til félaga sem eru í eignasafni Eignarhaldsfélags Suðurnesja og þeirra félaga sem heyra undir Auðlindagarðinn auk Mekano.

Fyrirtæki styrkt af Tækniþróunarsjóði	Styrkupp hæð alls	Ár
Íslenska Polyolfélagið	2,750,000	2008
Mekano	7,000,000	2015
Taramar	10,000,000	2015
Sif Cosmetics	37,500,000	2013-2016
Geosilica	40,000,000	2012-2015
Íslensk matorka	50,190,000	2010-2013
Bláa Lónið Hf	59,100,000	2005-2010
CRI	76,800,000	2008-2015
Orf Líftækni	173,144,444	2005-2013

Heimild: 1 Rannís

Síðustu þrjú ár – 2014 til 2016 – bárust 29 umsóknir frá Suðurnesjum og 9 þeirra voru samþykktar. Til samanburðar bárust 991 umsókn af landinu öllu og 245 voru samþykktar. Suðurnes áttu því tæplega 3% umsókna og 3.6% veittra styrkja. Á Suðurnesjum eru um 7.3% íbúa landsins svo það er gott tækifæri til að auka og efla umsóknir landshlutans í sjóðinn.

Umsóknir og veittir styrkir úr Tækniþróunarsjóði eftir landshluta

Landshluti	2014		2015		2016		Alls		Árangurshlutfall
	Sótt	Styrkt	Sótt	Styrkt	Sótt	Styrkt	Sótt	Styrkt	
Austurland	6	2	1	0	7	2	14	4	28,6%
Höfuðborgarsv.	196	46	240	75	420	95	856	216	25,2%
Norðurland eystra	11	2	7	2	19	1	37	5	13,5%
Norðurland vestra	2	0	1	0	9	1	12	1	8,3%
Reykjanes	9	1	10	6	10	2	29	9	31,0%
Suðurland	2	0	3	2	2	1	7	3	42,9%
Vestfirðir	4	3	2	1	4	0	10	4	40%
Vesturland	3	0	5	0	14	2	22	2	9,1%
Annað/óskráð	0	0	0	0	4	1	4	1	25,0%
Samtals	233	54	269	86	489	105	991	245	

Heimild: Rannís

Skattaendurgreiðsla vegna rannsókna- og þróunarstarfs

Með nýsköpunarlögum sem Alþingi samþykkti vorið 2016 var þakið á skattaendurgreiðslum vegna rannsókna- og þróunarstarfs fyrirtækja hækkað úr 100 milljónum í 300 milljónir. Þannig var stórt skref stigið til að auka samkeppnishæfi landsins hvað varðar rekstrarumhverfi nýsköpunar- og hugvitsfyrirtækja.

Oft eru það stærri og stöndugri fyrirtæki sem fá mestan ábata af því að nýta sér þessi úrræði, en þau fá 20% af allt að 300 milljón króna fjárfestingu í samþykktum R&D verkefnum endurgreitt frá skattinum.

Ef litið er til umsókna eftir landshlutum sést að Suðurnes eru, líkt og í umsóknum um styrki frá Tækniþróunarsjóði, töluvert undir fólksfjöldahlutfalli. Umsóknir frá Suðurnesjum voru 12 af 331, eða um 3.6%. Á síðustu 5 árum voru umsóknirnar 51 af 1746, eða um 2.9%. Eins og áður segir eru íbúar á Suðurnesjum 7.3% heildarfólksfjölda á Íslandi, og umsóknirnar því þónokkuð undir fólksfjöldahlutfalli.

Hér er tækifæri fyrir Suðurnes að kanna hver ástæðan fyrir þessu sé, og koma með viðbrögð. Til dæmis gæti stuðningsumhverfið kynnt R&D endurgreiðslurnar sérstaklega fyrir fyrirtækjum sem eiga möguleika á því, sem og boðið upp á aðstoð við gerð umsókna.

Byggt á þessum mælikvörðum er skýrt að það er sóknarfæri fyrir Suðurnes að nýta betur styrkja- og stuðningsumhverfið, gefið að nógu mikið af verkefnum sem teljast styrkhæf séu til. Stuðningsumhverfið gæti kynnt þessi úrræði og boðið fram ráðgjöf og stuðning við umsóknir og undirbúning þeirra.

Aðrir fjárfestingasjóðir

Í dag eru starfræktir fimm fjárfestingasjóðir sem sérhæfa sig í fjárfestingum í nýsköpunar- og hraðvaxtarfyrirtækjum (e. *venture capital*). Fjórir þeirra – Brunnur Venture Capital, Frumtak Ventures, Eyrir Sprotar og Crowberry Capital – eru einkareknir. Sá fimmti – Nýsköpunarsjóður Atvinnulífsins – heyrir undir ráðherra iðnaðar og nýsköpunarmála.

Samanlögð fjárfestingageta einkareknu sjóðanna fjögurra er um 16.5 milljarðar króna, og hafa þeir frá 2015 fjárfest í um 20 fyrirtækjum á Íslandi. Ekkert þeirra er á Suðurnesjum. Nýsköpunarsjóður Atvinnulífsins hefur einnig fjárfest á síðustu árum, en þó miklu minna, því sjóðurinn er með mest af sínum eignum bundnum í hlutafé. Engin nýleg fjárfesting sjóðsins er þó á svæðinu.

Sjóður	Fjármagn
Brunnur	4 milljarðar
Crowberry Capital	4 milljarðar
Eyrir Sprotar	3.5 milljarðar
Frumtak II	5 milljarðar
Samtals	16.5 milljarðar

Suðurnes hafa því tækifæri til að hvetja til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum á svæðinu. Mögulega mætti nýta Uppbyggingarsjóðinn eða Eignarhaldsfélagið sem þátttakendur í fjármögnun.

Þrátt fyrir að enginn íslensku sjóðanna hafi fjárfest í fyrirtæki á Suðurnesjum síðustu ár, er vert að nefna stóra fjármögnun sem Carbon Recycling fékk erlendis frá árið 2015.¹ Fjármögnunin hljóðaði upp á rúma 45 milljónir dollara (ca 5 milljarðar króna) og er það ein stærsta sprotafjármögnun á Íslandi síðan mælingar hófust.

Bakland

Frumkvöðlar þarfnast stuðnings af öðrum toga en eingöngu fjármögnun. Umhverfið þarf að vera hvetjandi og styðja við bakið á þeim sem ráðast í ný verkefni. Á Suðurnesjum hafa Keilir og atvinnuþróunarfélagið Heklan sinnt þessu starfi auk þess sem Kadeco þróunarfélag Keflavíkurflugvallar kom að rekstri frumkvöðlasetrinu Eldey.

Keilir

Keilir hefur gegnt mikilvægu hlutverki í nýsköpunarumhverfi Suðurnesja á undanförunum árum. Í stóra samhenginu þá hækkar Keilir menntunarstig á svæðinu, sem er ekki bara jákvætt fyrir nýsköpun heldur samfélagið allt. Frá stofnun Keilis árið 2007 hefur hlutfall háskólamenntaðra í Reykjanesbæ hækkað úr 12,5% í 28% í dag. Ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi menntunar fyrir nýsköpun, enda eykur menntun færni og hæfni einstaklinga sem verða þar af leiðandi betur í stakk búnir til að koma upp með, móta og framkvæma hugmyndir sínar.

Í smásjónni hafa verkefni unnin af nemendum Keilis þróast út í framtíðarverkefni eftir nám. GeoSilica og Mekano eru dæmi um slík fyrirtæki, en upphaf þeirra má rekja til lokaverkefna nemenda í tæknifræði. Af úthlutunum Uppbyggingarsjóðsins má einnig sjá að fleiri verkefni tengd Keili hafa þar fengið fjármagn. Einnig er lögð áhersla á beint samband milli atvinnulífsins og Keilis, og því geta námsverkefni leitt til þróunar- og nýsköpunarverkefna innan rótgrónni fyrirtækja að námi loknu.

Dæmi eru um að hugmyndir Keilis er varða nýsköpunartengdar námsbrautir hafi ekki náð fram að ganga. Stefnt var að því að bjóða upp á námsbraut í gerð tölvuleikja frá og með haustinu 2017, en samþykki menntamálaráðuneytisins fékkst ekki. Stjórnendur Keilis og samstarfsaðilar sem m.a. voru Samtöku leikjaframleiðenda (IGI) og CCP, lýstu yfir vonbrigðum með ákvörðun ráðuneytisins.

Hægt er að færa rök fyrir því að möguleikinn til nám eins og Keilir færir svæðinu sé mikilvægara nýsköpun á svæðinu en t.d. aðföng. Það er t.a.m. tilfellið hjá GeoSilica, þar sem aðföng eru ekki af svæðinu en námið, aðstoð og búseta ráða meira um staðsetningu fyrirtækisins. M.ö.o. býr námið til sprotafyriræki óháð svæðisbundnum aðföngum.

Heklan

Ráðgjöf og aðstoð við frumkvöðla er meðal hlutverka Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja. Verkefnastjórn Uppbyggingarsjóðsins er t.a.m. í höndum starfsmanns Heklunnar, og hafa frumkvöðlar sótt aðstoð og hvatningu til félagsins til viðbótar við fjárhagslega styrkinn.

Af samtölum okkar að dæma hefur þetta hlutverk verið leyst ágætlega af hendi og stofnendur sótt mikilvægan stuðning í formi ráðgjafar og hvatningar til starfsfólks Heklunnar, sem einnig sinnir eftirfylgni við að gögnum og áfangaskýrslum sé skilað á réttum tíma.

Tengsl Heklunnar við Eignarhaldsfélag Suðurnesja eru nokkur og standa vonir til að það verði styrkt enn frekar og formfest. Heklan gæti þá virkað sem „fyrsta stopp“ frumkvöðla í leit að upplýsingum, ráðgjöf og fjármagni. Að sama skapi getur Heklan sinnt hlutverki sem „gluggi“ fyrir fjárfesta, bæði Eignarhaldsfélagsins

¹ [Carbon Recycling International](#).

og annarra, inn í sprotaumhverfið á svæðinu. Aukin tengsl Heklnnar við starfandi fjárfestingasjóði og einkafjárfesta gætu þannig reynst frumkvöðlum á svæðinu vel.

Aðstaða

Meðal uppbyggingarverkefna á vegum Kadeco, þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, var frumkvöðasetrið Eldey við Ásbrú sem starfrækt var í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þar var Heklan til húsa um tíma og var setrið hugsað sem aðstaða fyrir frumkvöðla og minni fyrirtæki, þannig að þar yrði til skapandi og dínamískt umhverfi, m.a. fyrir útskrifaða nemendur Keilis. Í desember 2016 var fasteignin seld og er GeoSilica nú eina sprotastarfsemin sem eftir er í húsinu. Frumkvöðlasetur er því ekki lengur á svæðinu.

Sala á fasteignum Kadeco, auk samdráttar í starfsemi félagsins sem hefur átt sér stað samhliða, hefur haft neikvæð áhrif á umhverfi nýsköpunar á svæðinu. Í dag er ekki útlit fyrir að nokkuð sambærilegt komi í stað frumkvöðlasetursins. Vísbendingar eru auk þess um að breytingar á rekstri Kadeco hafi haft í för með sér minni athygli á sprotaverkefnum á svæðinu.

Breytingarnar kalla á stefnumörkun og yfirfærslu verkefna með afgerandi hætti. Verkefnin fela meðal annars í sér að stuðla að fjölmiðlaumfjöllun, halda fyrirlestra og samkomur fyrir frumkvöðla, tengingu fyrirtækjanna við íbúa bæjarfélaganna og, ef vilji er fyrir hendi, að halda uppi frumkvöðlasetri í tengslum við sveitarfélögin, Keili, Nýsköpunarmiðstöð og stærri fyrirtæki á svæðinu. Fjöl mörg frumkvöðlasetur eru í dag starfandi á höfuðborgarsvæðinu og um allt land. Nálægð höfuðborgarsvæðisins gerir það að verkum að frumkvöðlar geta hæglega sótt sér aðstöðu þar, ef engin aðstaða er til staðar á Suðurnesjum.

Frumkvöðlar

Ástæða staðsetningar sprotafyrirtækja geta verið margvíslegar. Hér eru tvö fyrirtæki sérstaklega könnuð í því skyni að greina tengingar við Suðurnes og hvers vegna fyrirtækin eru þar en ekki annars staðar. Upphaflegar tengingar fyrirtækjanna tveggja eru að nokkru leyti ólíkar og varpa ljósi á mögulegar *uppsprettur* nýrra fyrirtækja á svæðinu.

GeoSilica

Upphaf GeoSilica má rekja til náms við Keili, þar sem stofnendur fyrirtækisins, Fida Abu Libdeh og Burkni Pálsson, stunduðu nám. Og þótt hugvitið tengist nýtingu jarðhitasvæða, sem Suðurnes eru rík af, þá eru aðföng framleiðslunnar í dag sótt á Hellsheiði. Fyrirtækið hefur aðstöðu í Eldey við Ásbrú og eru stofnendurnir búsettir á svæðinu. Tveir eru í fullri vinnu hjá fyrirtækinu og tveir eru í 50% starfi.

Tenging við skólann, stuðningur Heklnnar, Uppbyggingarsjóðsins og aðkoma Eignarhaldsfélagsins eru ástæður þess að GeoSilica er á Suðurnesjum, þrátt fyrir að framleiðsla sé annars staðar og fundarhöld tíð á höfuðborgarsvæðinu.

Taramar

Upphaf vöruframleiðslu Taramar má rekja til rannsóknar dr. Guðrúnar Marteinsdóttur, stofnanda fyrirtækisins, við Háskóla Íslands. Tenging við Suðurnes var því ekki augljós né bein, og má raunar telja ólíklegt að framleiðsla færi nú fram í Sandgerði ef ekki væri fyrir beina aðkomu Sigrúnu Árnadóttur, bæjarstjóra í Sandgerði, sem tengdi Taramar við Uppbyggingarsjóð Suðurnesja árið 2014. Fjárfesting

sjóðsins var gegn því að framleiðsla yrði staðsett í Sandgerði, þar sem hún er í dag. Stöðugildi í dag eru um þrjú talsins en sex vinna við framleiðsluna þegar mest er.

Fyrirtækið hefur auk þess fengið styrki frá Uppbyggingarsjóðinum, nú síðast 4 milljóna króna styrk fyrir markaðssetningu erlendis, auk styrkja úr Tækniþróunarsjóði. Úthlutun sjóðsins til Taramar er dæmi um jákvæð áhrif reglna sjóðsins um að *vöxtur* verði að eiga sér stað á Suðurnesjum en ekki er gerð krafa um lögheimili.

Tengingar fyrirtækjanna við svæðið eru því:

- Nám við Keili [GeoSilica]
- Aðstaða [Eldey, framleiðsla í Sandgerði]
- Bein aðkoma/afskipti bæjaryfirvalda
- Svæðisbundin fjármögnun

Af þessum dæmum má draga þá ályktun að ekki er nauðsynlegt að uppfylla fleiri en eitt þessara skilyrða til að sproti vaxi á svæðinu.

Ytri aðstæður

Ytri aðstæður efnahagslífsins skipta frumkvöðla máli. Aðgengi að fjármagni, athygli og áhugi á nýsköpun eru meðal þeirra þátta sem breytast eftir stöðu efnahagsmála.


Hagstofa Íslands tekur saman gögn um nýskráningu fyrirtækja og flokkar eftir landshlutum og tegund reksturs. Gögnin eru lítt gagnleg til að greina nýsköpunarumhverfi á Íslandi, en þau gefa til kynna hvar umsvif atvinnulífsins eru mest hverju sinni og hver þróunin er. Eins og taflan hér að neðan sýnir hefur fjöldi nýskráðra fyrirtækja á Suðurnesjum farið fjölgandi ár frá ári að undanförunu, og félögin flest í leigu atvinnuhúsnæðis og byggingaframkvæmdum.

Fjöldi nýskráðra fyrirtækja á Suðurnesjum	2014	2015	2016
Alls	101	114	133
Leiga atvinnuhúsnæðis	9	14	24
Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	6	10	16
Hótel og gistiheimili án veitingaþjónustu	4	2	5
Almenn bílaverkstæði	0	4	5
Veitingastaðir	7	2	4
Útgerð smábáta	5	5	4
Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum	1	5	4
Vélvinnsla málma	0	0	4

Heimild: Hagstofa Íslands.

Eins og nefnt var í fyrri kafla um fjármögnun sprotafyrirtækja og þátttöku í frumkvöðlakeppnum þá eru vísbendingar um að góðar horfur í efnahagslífinu hafi neikvæð áhrif á nýsköpunarumhverfi, einkum með því að draga úr hvata fólks til að ráðast í sprotaverkefni. Fækkun umsókna í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja er merki um þessa þróun, sem er ekki bundin við Suðurnes.

Að stofna eigið fyrirtæki felur í sér áhættu og oftast tekjutap, a.m.k. tímabundið, samanborið við að hafa fasta atvinnu. Eins og kunnugt er hefur atvinnuleysi á Suðurnesjum sveiflast mikið á síðastliðnum áratug og mældist hæst á landinu öllu á árunum eftir hrun. Nú er staðan önnur, efnahagsumsvif eru veruleg og næga atvinnu að fá.



Fólksfjöldun hefur orðið á Suðurnesjum á undanförunum árum og eru íbúar sveitarfélaganna fimm nú um 25 þúsund talsins. Atvinnuleysi í september 2017 mældist 2,1%.

Mannfjöldi og atvinnuleysi á Suðurnesjunum

	Mannfjöldi	Atvinnuleysi
Reykjanesbær	17.300	2,0%
Grindavíkurbær	3.280	1,0%
Sandgerði	1.770	2,7%
Sveitarfélagið Garður	1.600	1,9%
Sveitarfélagið Vogar	1.220	2,7%
Alls	25.170	2,1%

Heimild: Hagstofan, Vinnuástandstofnun

Góðum efnahagshorfum ber að fagna. Fyrir nýsköpunarumhverfi myndast rými til að búa í haginn, styrkja bakland, sjóði og stofna nýja með framtíðina huga.

Samantekt og aðgerðir

Það er margt jákvætt í umhverfi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á Suðurnesjum. Það er mat okkar að mikilvægum aðilum í umhverfinu, þ.e. frumkvöðlum, fjármögnunaraðilum og öðrum bakhjörllum, sé annað um að á svæðinu þrífist fjölbreytt atvinnulíf.

Nýsköpun og sprotaumhverfi njóta gjarnan athygli stjórnámálanna og almennings í efnahagslegum niðursveiflum. Þá er lítið til tækifæra sem skapa framtíðarstörf. Nú þegar atvinnuleysi er sögulega lágt og uppsveifla í efnahagslífinu, er mikilvægt er að verja þá nýsköpunarinnviði sem hafa verið byggðir upp á síðustu árum og nýta uppsveifluna til að bæta starfsemina enn frekar. M.ö.o. þarf að hugsa til framtíðar og aðstæður til þess hafa sjaldan verið betri.

Aðilarnir sem eru til umfjöllunar í þessari úttekt eiga það sameiginlegt að vilja sjá arðbær og atvinnuskapandi fyrirtæki verða til á Suðurnesjum. Til að svo megi verða þarf margt að ganga upp og ýta þarf undir þá þætti sem auka líkurnar á farsælum rekstri. Í samtölum okkar við viðmælendur spurðum við sérstaklega um áskoranir í dag og hvað mætti gera betur. Þær hugmyndir í bland við greiningu okkar, með hliðsjón af fyrri köflum, eru reifaðar hér.

- Að skerpa á tengslum námsbrauta við Keili, sprotafyrirtækjum og svæðisbundnum fjármögnunarleiðum með sérstökum þróunarsjóði. Hugmyndir og verkefni sem tengjast náminu geta þá öðlast framhaldslíf að námi loknu.
- Stuðla að auknum umsóknum fyrirtækja á svæðinu í Tækniþróunarsjóð, m.a. í samstarfi við Keili og Hekluna.
- Kynna skattaendurgreiðslur vegna rannsókna & þróunar fyrir fyrirtækjum á svæðinu og aðstoða við útfærslu.
- Að nýta samkeppnisstöðu gagnvart höfuðborgarsvæðinu Suðurnesjum í hag og laða að spennandi verkefni með endurvöktu frumkvöðlasetri, ráðgjöf og tengslum við fjármögnunaraðila.
- Að efla sýnileika bæði styrkjaúthlutana Uppbyggingarsjóðsins, fjárfestingastefnu Eignarhaldsfélags Suðurnesja og ráðgjafar Heklunnar til að vinna á móti samdrætti nýsköpunarverkefna. Áhersla á að auka sýnileika á svæðinu.
- Að styrkja stöðu Heklunnar sem fyrsta áfangastað frumkvöðla sem hafa spurningar um tæknilega framkvæmd við stofnun fyrirtækja, fjármögnun og fleira.
- Að formfesta og styrkja samband Heklunnar við Eignarhaldsfélag Suðurnesja, sem í dag er vel fjármagnað og í stakk búð til að koma að sprotaverkefnum með meiri afgerandi hætti en Uppbyggingarsjóðurinn.
- Að styrkja samband Heklunnar við fjárfestingasjóði sem sérhæfa sig í fjárfestingum í nýsköpunar- og hraðvaxtarfyrirtækjum og einkafjárfesta á svæðinu.
- Að efla tengsl sprotafyrirtækja á svæðinu við almenning á Suðurnesjum og kynna starfsemi þeirra í gegnum Hekluna, m.a. með virkri fjölmiðlaráðgjöf, atburðum og tengslum við fjölmiðla.
- Að áfram verði reynt að setja á fót hugvittstengdar og nýsköpunardrífandi námsbrautir við Keili
- Að Heklan og bæjaryfirvöld leiti beint til aðila með spennandi verkefni og laði þau að svæðinu.

Kærar þakkir til:
Bjarkar Guðjónsdóttur, verkefnastjóra Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja og Heklunnar
Fidu Abu Libdeh, stofnanda GeoSilica
Friðjóns Einarssonar, formann Eignarhaldsfélags Suðurnesja
Dagnýjar Gísladóttur, verkefnastjóra Heklunnar
Dr. Guðrúnar Marteinsdóttur, stofnanda Taramar
Hjálmars Árnasonar, framkvæmdastjóra Keilis

NORTHSTACK